

644. fundur haldinn fimmtudaginn 23. janúar kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipisdóttir, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélga
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 643. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt með breytingum

2. Fjárhagsáætlun 2003

Lagðar voru fram tillögur unnar á skrifstofum ráðsins að skiptingu fjárlagaliða 1.05,1.21,1.81 og 1.11.

Afgreiðsla: Tillögur að skiptingu fjárlagaliða 1.05,1.21. og 1.81 samþykktar, en ákvörðun um fjárlagalið 1.11 frestað.

3. Bréf samgönguráðherra

Lagt var fram bréf frá samgönguráðherra þar sem hann felur formanni að kynna tillögu sína fyrir Ferðamálaráði um notkun 300 milljón kr. fjárveitingar til markaðsverkefna á árinu 2003 og fela ferðamálastjóra framkvæmd málsins.

Afgreiðsla: Eftir nokkrar umræður um umrædda tillögu var ákveðið að fresta frekari umræðum til næsta fundar.

4. Umsóknir um starf forstöðumans markaðssviðs

Ferðamálastjóri sagði að þó hann færi með mannráðningu í stofnunni þá óskaði hann eftir aðkomu ráðsins að umræddri ráðningu þar sem um væri að ræða staðgengil hans og því rétt og eðlilegt að hans mati að ráðið kæmi að þeirri ráðningu. Borist hafði bréf frá Hagvangi þar sem fram kom að umsækjendur um umrætt starf hefðu verið 111. Eftir yfirferð umsókna og upplýsingaöflun gerir Hagvangur tillögu um að 9 umsækjendur verði teknir til frekari skoðunar.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir að Hagvangur vinni málið frekar og þrengi umræddan hóp í fimm.

5. Önnur mál

a) Formaður greindi frá vinnu sem er í gangi á skrifstofu ráðsins varðandi gátlista og tillögur að flokkun vegna tjaldsvæða. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu verði lokið í byrjun apríl.

b) Formaður lagði til að áfram yrði haldið á næstunni fundum Ferðamálaráðs og Ferðamálasamtaka landshlutanna og nú yrði fundað á Suðurlandi og Suðurnesjum.

c) Hrönn Greipisdóttir gerði að umtalsefni verðlagningu á veitingahúsum og óskaði eftir að gerð yrði könnun á verði á veitingahúsum í nokkrum borgum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00